

Henrik Ibsen.

Miðvikudaginn 23. Maí síðastl. kom sú frétt frá Kristjanía í Noregi, að heimsfræga og góðkunna skáldið Hinrik Ibsen væri dáinn. Hann hafði látizt þann sama dag á heimili sínu, þar í borginni kl. 2.30 e. h.

Frétt þessi þótti miklum tíðindum seta, því nú um síðastliðinn aldarfjórðung hefir enginn þótt betra skáld en hann um allan hinn mentaða heim. Var eins og mikið af hinni fornu dýrð Noregs hefði risið upp frá djúpi liðinna alda og ríkið hafist til virðingar fyrir afreksverk þessa ágæta sonar.

Hvenær sem getið var um Noreg, var það oftast af því að ræðan hné að bókmentamálum og þá sérstaklega að ritverkum skáldanna tveggja Björnsons og Ibsens. Fyrir annað er Noregur ekki frægur í seinni tíð. En það er líka oft sem Noregs er og verður getið á þann hátt í skjölum og ritum meðal erlendra þjóða.

Noregur nítjándu aldarinnar er nokkurnveginn eins staddur og má hrósa sér á líkan hátt og Mendelsohn bankastjóri, — að hann sé sonur föður síns, Moesesar gamla Mendelsohns, en faðir sonar síns, Mendelsohns, tónskáldsins mikla. — Hann er sonur Nors og faðir Ibsens. —

Við lát skáldsins sló almennum söknuði yfir þjóðina. Allir æðstu menn landsins keptu um að láta sorg sína og hluttekningu í ljósi við ættmenni hans, og í virðingarskyni við minningu hans, var öllum leikhúsum landsins lokað þann dag til morguns. Var það og tilhlýðilegt, því aðalstarf skáldsins er innifalið í leikritasafni hans, sem bæði er mikið og mikils vert. Og í þeim er öll hans kenning um „heillir lands og þjóðarmening“. En þótt undir dánardægrið Ibsen ætti miklum vinsældum að fagna, þá var það þó á annan veg lengi framan af. Hann þótti lítt við almanna skap og það sem sárast var segja of ótvírætt til syndanna. — En enginn syndari vill að syndin sé kölluð synd. Og sjálft þjóðarvelsæmið unír því illa að farið sé svo með óskabörn sín, sem það er búið að ala upp í trú og von